

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **05.08.2016**
Málsnúmer: **FJR15080075**
Bréfalykill: **3.7**

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (eigið fé, könnunar- og matsferli, vogunarhlutfall, valdheimildir o.fl.) - 589. mál - þskj. 963.

Vísað er í frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (eigið fé, könnunar- og matsferli, vogunarhlutfall, valdheimildir o.fl.) sem nú er til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd (þskj. 963 – 589. mál).

Fjármála- og efnahagsráðuneytið (ráðuneytið) vill koma á framfæri tveimur atriðum sem varða umrætt frumvarp. Annað atriðið varðar c-lið 32. gr. frumvarpsins en með umræddri breytingartillögu er lagt til að 5. másl. 3. mgr. 84. gr. d laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki verði felldur á brott. Hér er um að ræða ranga tilvísun en það er 6. másl. 3. mgr. sömu greinar sem á að fella á brott úr lögnum. Nánar til tekið á regluheimild Fjármálaeftirlitisins að falla á brott eins og fram kemur í athugasemd við breytingartillöguna í frumvarpinu.

Seinna atriðið sem ráðuneytið vill koma á framfæri snýr að 2. mgr. 29. gr. a laganna en með 15. gr. frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingartillögur á greininni. Með 15. gr. frumvarpsins er m.a. lagt til að orðin „nánnum fjölskyldumeðlimum þeirra eða aðilar“ komi fyrir í greininni á nokkrum stöðum þ.e. í 1., 2. og 4. másl. 2. mgr. 29. gr. a laganna. Í frumvarpið vantar hins vegar breytingartillögu sem tekur til 3. másl. 2. mgr. 29. gr. a laganna. Nánar tiltekið að orðin „og nánnum fjölskyldumeðlimum hans“ komi fyrir á eftir orðinu „aðila,“ í fyrra skiptið í málsíðnum. Þannig að málsliðurinn orðist því þannig í heild með breytingu undirstrikaðri: „*Samtala láns og annarrar fyrirgreiðslu sem heimilt er að veita hverjum og einum aðila, og nánnum fjölskyldu meðlimum hans, eða aðila í nánnum tengslum við hann skv. 1. másl. má hæst vera 200 millj. kr. eða teknum tilliti til takmarkanna skv. 30. gr.*“

Ráðuneytið leggur því til að gerðar verði tvær breytingartillögur á frumvarpinu:

1. c-liður 32. gr. frumvarpsins orðist svo: 6. másl. 3. mgr. fellur brott.
2. Við 15. gr. frumvarpsins bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á eftir orðinu „aðila“ í fyrra skiptið í 3. másl. 2. mgr. kemur: og nánnum fjölskyldumeðlimum hans,